

Mánudaginn 19. júní 1916.

Nr. 90/1915.

Tómas Jónsson

gegn

Ólafi Briem.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Tómas bóndi Jónsson, í héraði fyrir gestarétti Skagafjarðassýslu, út af forkaupsrétti eða kauparétti á jörðinni Syðri-Hofdölum í Viðvíkurhreppi, eign Landsbankans, og stefndi hann í málinu Ólafi Briem alþingismanni, sem umboðsmanni bankans, enda kemur það fram í málinu síðar, að Landsbankastjórnin hafði falið Ólafi Briem umsjón með jörðinni og umboð með sölu á henni. Gestarétturinn dæmdi málið 29. júní f. á. á þá leið, að stefndi var fyrir hönd Landsbankans og »sjálfur persónulega« sýknaður að öllu leyti, og málskostnaður látinn falla niður. Nú hefir Tómas Jónsson skotið þessum gestaréttardómi til yfirdómsins, með stefnu dags. 31. desbr. f. á., og er það aðalréttarkrafa hans, að stefndi Ólafur Briem verði fyrir hönd Landsbankans eða sjálfur persónulega dæmdur til að selja honum nefnda jörð, Syðri-Hofdali, fyrir nánar tiltekið verð og jafnframt skyldaður til að gefa honum, áfrýjanda, afsalsbréf fyrir jörðinni; hefir áfrýjandi stefnt Ólafi Briem einum til að svara í sökinni. Hinn rétti málsaðili er þó eigandi jarðarinnar, Landsbankinn, og með því að honum hefir eigi verið stefnt til að gæta hagsmuna sinna í sökinni hér fyrir réttinum, og hann hinsvegar eigi hefir veitt stefnda umboð til þess, verður eigi hjá því komist að taka til greina kröfu.

stefnda um frávisun málsins; svo verður log eftir þessum úrslitum að dæma honum málskostnað samkvæmt kröfu hans, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Málinu visast frá yfirdóminum. Áfrýjandi, Tómas Jónsson, greiði stefnda, Ólafi Briem, 25 kr. í málskostnað, og skal lúka upphæðinni áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 19. júní 1916.

Nr. 1/1916.

Bogi Brynjólfsson

gegn

Gísla Guðmundssyni
og Einari Gíslasyni.

D ó m u r :

Með bréfi dags. 20. jan. 1909 gáfu hinir stefndu Gísli Guðmundsson og Einar Gíslason, bændur á Urriðafossi í Árnessýslu, Gesti Einarssyni á Hæli umboð til þess að selja, leigja eða á annan hátt koma í verð eign þeirra Urriðafossi í Þjórsá, ásamt tilheyrandi landsspildu meðfram ánni, sem nánar er ákveðin í umboðinu, og með yfirlýsingu dags. sama